September 2024

Viðauki með erindi til sveitarfélaga

# Stafræn byggingarleyfi



HMS

## HLUTVERK HMS

**15. gr laga um HMS**

Stofnunin skal starfrækja rafræna byggingagátt sem sveitarfélög skulu nota við útgáfu byggingarleyfa og framkvæmd stjórnsýslu byggingarmála, auk þess að halda utan um upplýsingar um mannvirki og mannvirkjagerð um land allt

Hönnunargögn eru upphafsreitur á hversu farsæl mannvirkjagerð getur orðið

## ÞRÓUN MANNVIRKJASKRÁR

**STAFRÆN BYGGINGARLEYFI**

# Samræmt verklag sveitarfélaga

- Eitt miðlægt viðmót fyrir byggingarleyfi sem öll sveitarfélög geta nýtt
- Sama viðmót og sýn fyrir húsbyggjendur, hönnuði, byggingarstjóra og byggingarfulltrúa
- Hönnunargögn rata beint inn í mannvirkjaskrá og málaskrárkerfi sveitarfélaga uppfærast í rauntíma
- **Sveitarfélög bera kostnað af samþættingu málaskráa við viðmótið** en HMS ber kostnað af þróun, reksturs og þjónustu kerfis



# Samfélagslegur ávinningur

- Úttekt OECD leiddi í ljós miklar samkeppnishamlanir í byggingarferlinu og er eitt viðmót byggingarleyfa ein niðurstaða þeirrar vinnu
- Það er stefna stjórnvalda að nýta stafræna þróun til að auka hagkvæmni í mannvirkjagerð og með þessu er verið að þjóna öllum þeim sem að ferlinu koma með einföldun og samræmdu verklagi
- Skilvirkari afgreiðsla leyfa með betra kerfi, minni skráningarvinna og bætt vinnuumhverfi allra



# 1. áfangi

Húsbyggjendur og hönnuðir geta lagt fram umsókn um staðfestingu byggingaráforma og útgáfu byggingarleyfis, og skilað öllum gögnum rafrænt.

- Notendavæn umsókn sem leiðir umsækjanda áfram
- Hægt að undirrita aðaluppdrátt innan umsóknarviðmóts, á hvaða tímapunkti sem er
- Ekki hægt að senda inn umsókn nema aðilar séu með virkt gæðakerfi og tryggingar til staðar
- Starfsfólk á sömu stofu með sameiginlega sýn á umsóknir, þvert á sveitarfélög
- Yfirsýn yfir byggingarstjóra, iðnmeistara og hönnuði séruppdrátta ásamt undirritunum á ábyrgðaryfirlýsingum og uppdráttum



# 2. áfangi

Umsóknir eru afgreiddar í nýju viðmóti, en öll gögn eru sótt jafnóðum frá HMS til varðveislu í málaskrám sveitarfélaga.

- Yfirsýn yfir umsóknir, stöðu þeirra og forgang
- Þægileg leið til að lesa yfir og samþykkja aðaluppdrátt rafrænt innan sama kerfis
- Örugg rafræn samskipti við umsækjendur, sem hafa alltaf aðgang að nýjustu stöðu mála – alltaf skýrt hver er með boltann
- Umsækjendur fá sjálfkrafa tölvupóst þegar stór skref eru tekin í afgreiðslu
- Útgáfustýring og skilvirkur frágangur á uppdráttum og teikningasettum



# STAFRÆN BYGGINGARLEYFI

ÞRÓUN, STAÐA OG STEFNA

**VOR 2023**

### MÓTUN VERKEFNIS

HMS og Kolibri hófu samstarf. Greining á því hvernig besta mætti skráningu mannvirkja og umsókn um byggingarleyfi

**2023**

### GREININGARVINNA OG ÞRÓUN

Viðtöl og greining á þörfum notanda, hönnuða, byggingarfulltrúa og almennings fyrir umsóknarviðmót

**2024**

### #1 REYKJANESBÆR

Samstarf við Reykjanesbæ um þróun notendaviðmóts og innleiðingu stafrænna byggingarleyfa. Samstarf við Hugvit um tengingu vefþjónustu við GoPro

FRUMSÝNING HAUST 2024!

**2025**

### #2 REYKJAVÍK +++

Hefjum vegferðina formlega með Reykjavíkurborg í lok september og stefnum á OPNUN MEÐ RVK Í VOR 2025.

**2025/26**

### SVEITARFÉLÖG - INNLEIÐING

Hefjum samtal og innleiðum viðmótið hjá sveitarfélögunum með önnur málaskrárkerfi, eitt af öðru 2025-26.

**2026**

### MANNVIRKJASKRÁ

Umsókn og afgreiðsla byggingarfélaga fer fram í viðmóti, málaskrár halda utan um niðurstöðu og gögn umsóknar.

Stórbætt virkni í mannvirkjaskrá auk þess sem verklag hefur verið samræmt og gæði gagna og aðgengi bætt.

HMS

**TENGILIÐUR VERKEFNIS**

Auður Ævarr Sveinsdóttir
stafraenbyggingarleyfi@hms.is